

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 903 (11.4.2019) - Skipulagsbreytingar skv. ákvörðun sveitarstjórnar á 312. fundi þann 2. apríl 2019.

Málsnúmer : 201901070
Málsaðili : Dalvíkurbyggð - sveitarstjórn
Niðurstaða (stutt) : Lagt fram til kynningar
Fundardagur : 11.04.2019

Inngangur : a) Undir þessum lið kom á fund byggðaráðs Börkur Þór Ottósson, sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs, kl. 13:05.

Á 312. fundi sveitartjórnar þann 2. apríl 2019 var meðal annars eftirfarandi bókað og samþykkt:

"Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum ofangreinda tillögu byggðaráðs að skipulagsbreytingum þannig að stofnuð er eigna-og framkvæmdadeild með þremur starfsmönnum, deildarstjóra og tveimur undirmönnum. Á mótí eru lögð niður störf umhverfisstjóra, aðstoðarmanns umhverfisstjóra, umsjónarmanns fasteigna og húsvaðar Dalvíkurskóla. Auk þess er lagt niður sumarstarf forstöðumanns vinnuskóla. Lögð er áhersla á að sem minnst röt verði á núverandi starfsmenn og bjóða störf eins og hægt er, Katrín Sif Ingvarsdóttir greiðir atkvæði á mótí, Dagbjört Sigurpálsdóttir tekur ekki þátt í atkvæðagreiðslu vegna vanhæfis. "

Til umræðu ofangreint hvað varðar fyrirkomulag og framkvæmdina á breytingunum. Einnig gerði sviðsstjóri grein fyrir ábendingum þeirra starfsmanna er sinna þeim störfum sem lögð verða niður á umhverfis- og tæknisviði.

Börkur Þór vék af fundi kl. 13:53.

b) Undir þessum lið kom á fund byggðaráðs Rúna Kristín Sigurðardóttir, launafulltrúi, kl. 13:53.

Til umræðu launasetning nýju starfanna miðað við gildandi kjarasamninga, starfsmat og fyrirliggjandi starfslýsingar um starf deildarstjóra Eigna- og framkvæmdadeildar og starfsmanna Eigna- og framkvæmdadeildar.

Rúna Kristín vék af fundi kl. 14:06.

Niðurstaða : a) Lagt fram til kynningar.
b) Niðurstaða byggðaráðs um launasetningu bókuð í trúnaðarmálabók.